

TTAR-

1. árg., 1. tbl.

des. 1984

PÓSTURINN

GÓÐI LESARI

Nýu riti er hjermeð hleypt af stokkunum. Því er ætlað það hlutverk að vera um sinn nokkurskonar mál gagn þess fólks sem oft kennir sig við Skógargerði í Fellum (Hjer athugist að bærinn er ekki í Hróarstúngu einsog sagt var í sjónvarpi nú fyrir skemstu).

Þegar hjer er talað um Skógargerðisfólk er vitanlega átt við afkomendur Dagnýar Pálsdóttur og Gísla Helgasonar en þau bjuggu á greindri jörð í meira en hálfa öld og eignuðust fjölda barna og eru þeir, sem til þeirra rekja uppruna sinn, nú orðnir margir. Er það einmitt tilgangur ritsins að komast til botns í því hve margir þeir eru og eins að efla kynni með þeim.

Stafsetning á ritinu er hagað eftir nýustu kenningum ábyrgðarmanns þar um og söfnurum má benda á það að upplag þess er mjög lítið.

ÆTTARMÓT 6.-7

Já, frændur góðir, það á að halda ættarmót næsta sumar. Því hefur verið valinn tími um fyrstu helgina í júlí, laugardag og sunnudag þann 6. og 7.

Tílefni hátíðahalda er m.a. það að á næsta ári (4. mars) hefði Dagný í Skógargærði orðið 100 ára og nýliðið er aldarafmæli Gísla bónda sem var fæddur 9. febrúar 1881.

Óþarft er að setja hjer á langar tölur um þetta þjóðþrifafyrirtæki. Auðvitað koma allir, sem vettlingi geta valdið, til að sýna sig og sjá aðra og njóta yndis á fegursta og veðursælasta stað landsins - því mótið verður haldið austur á Hjeraði, miðpunktur að sjálfsögðu í Skógargærði.

Undirbúningur - Framkvæmdanefnd

Einsog nú er mikill siður hefur málið verið sett í nefnd. Er það verkefni hennar að semja dagskrá fyrir mótið og sjá um framkvæmd þess. Nefndin er þannig skipuð:

Af höfuðborgarsvæði:

Björn Helgason. Rjúpufelli 20. Sími (91)75889.
Indriði Gíslason. Barmahlíð 32. Sími (91)25743.
Ragnheiður Guðnadóttir. Vesturbergi 15. Sími (91)74446.
Smári Hermannsson. Aratúni 15. Garðabæ. Sími (91)42757.

Á Akureyri:

Gísli Sigurgeirsson. Knarrarbergi, Öngulstaða-hreppi. Sími (96)21986.

JÚLÍ 1985

Á Hjeraði:

Helgi Gíslason. Helgafelli. Sími (97)1164.

Einhverjum þykir höfuðborgarsvæðið kanski nokkuð valdamikið en landsbygðinni er þá í lófa lagið að fjölga fulltrúum og mun það standa til á Hjeraði.

Af nefndarskipuninni kemur annars í ljós hvar ættin er nú niður komin. Fyrir utan þessa þrjá staði er reyndar álitleg nýlenda við Þistilfjörð. Leyfir ÆP sjer að stínga uppá því að Dagný Marinós-dóttir á Sauðanesi verði forsvarsmaður þess hóps.

Dagskrá mótsins hefur verið rædd lauslega en frá henni verður að ganga fljótlega eftir áramótin. Er þess vænst að sem flestir komi hugmyndum sínum þar um á framfæri við nefndina. Er þetta ekki kjör-
ið umræðuefni í jólaboðunum sem nú fara í hönd?



NIÐJATAL-NIÐJATAL-NIÐJATAL-NIÐJATAL-NIÐJATAL-NIÐJATAL


Vegna fyrirhugaðs niðjatals Gísla og Dagnýar í Skóg-
argerði fylgir ritinu eyðublað. Gleymað ekki að
fylla það samviskusamlega út og senda hið fyrsta til
framkvæmdanefndar.

ETTARPÓSTURINN. Ritstjórn og afgreiðsla: Indriði
Gíslason. Barmahlíð 32, 105 Reykjavík

Einsog aðrir íslendingar getum við náttúrlega rak-
ið ætt okkar til Jóns biskups Arasonar og við er-
um (einsog flestir) komin af sjera Einari í Eyðöl-
um. Mig minnir Guðlaug Gísladóttir, föðuramma Gísla
í Skógargerði, væri 9. maður frá honum. Einar var
skáld mikið og fýsn til fróðleiks og yrkinga hefur
eitthvað loðað við afkomendur hans (þá sem sagt
flesta íslendinga).

Ef nær er litið erum við svo komin af Hallgrími
bónða í Sandfelli, Ásmundssyni. Hann þótti skáld
gott og var kvensamur. Þeir Páll Ólafsson skáld
voru náfrændur. Páll þótti líka kvensamur.

Alt þetta skáldablóð er líklega eitthvað farið
að þynnast, kanski kvensemin líka. Til glöggvunar
er hjer riss af skáldateingslum:



Við reynum að skyggjast betur í bland ættarinnar
síðar. - Við erum t.d. líka komin af Geirólfs-
staða-Maungu og Njarðvíkurættinni.

Gleðileg jól.